

**Félag verslunar- og skrifstofufólks
Akureyri og nágrenni**

**Ársskýrsla stjórnar og
reikningar félagsins**

**Aðalfundur
Mánudaginn 27.febrúar 2017**



Dagskrá

1. Íslenska lífeyrissjóðakerfið og réttindi í lífeyrissjóði Verzlunarmanna
Tómas Möller, lögfræðingur LV
2. Fundarsetning
3. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár
4. Reikningar félagsins fyrir 2016
5. Lýst stjórnarkjöri
6. Kosningar
7. Framlag í vinnudeilusjóð
8. Laun stjórnar, trúnaðarráðs og stjórnar sjúkrasjóðs
9. Önnur mál

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Dagskrá | 2 |
| Ársskýrsla stjórnar | 5 |
| Skýrsla stjórnar | 30 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 31 |
| Áritun skoðunarmanna | 32 |
| Yfirlit um rekstrarafkomu og efnahag | 33 |
| Rekstrarreikningur félagssjóðs | 34 |
| Efnahagsreikningur félagssjóðs | 35 |
| Rekstrarreikningur sjúkrasjóðs | 36 |
| Efnahagsreikningur sjúkrasjóðs | 37 |
| Rekstrarreikningur orlofssjóðs | 38 |
| Efnahagsreikningur orlofssjóðs | 39 |
| Rekstrarreikningur vinnudeilusjóðs | 40 |
| Efnahagsreikningur vinnudeilusjóðs | 41 |
| Samandreginn rekstrarreikningur | 42 |
| Samandreginn efnahagsreikningur | 43 |
| Sjóðstreymi | 44 |
| Skýringar og sundurliðanir | 45 |
| Stjórn, skoðunarmenn, trúnaðarráð og stjórn sjúkrasjóðs | 50 |

Ársskýrsla stjórnar

Starfssvæði félagsins

Starfssvæði Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni, er Akureyri, Dalvíkurbyggð, Fjallabyggð og allir hreppar Eyjafjarðarsýslu, ennfremur

| Helstu styrkir úr félagssjóði | |
|-------------------------------|-------------|
| Iðnaðarsafnið | 50.000 kr. |
| Hagsmunasamtök heimilanna | 50.000 kr. |
| Jólaaðstoð | 500.000 kr. |
| Aðrir styrkir | 108.00 kr. |

Svalbarðsstrandar- og Grýtubakkahreppur í Suður-Þingeyjarsýslu. Félagið er aðili að Alþýðusambandi Norðurlands, Landssambandi íslenskra verslunarmanna og Alþýðusambandi Íslands. Heimili þess og varnarþing er á Akureyri.

Félagsgjald FVSA er 1% af launum.

Félagatal og atvinnuleysi félagsmanna

Félagsmenn eru samtals 2.600, þar af eru 343 lífeyrisþegar. Konur eru 62% af félagsmönnum og karlar 38%. 619 félagsmenn eru á aldrinum 16 til 25 ára.

Atvinnuleysi meðal félagsmanna var minna í ár heldur en í fyrra. Að meðaltali greiddu 47 félagsgjöld af atvinnuleysisbótum til félagsins, flestir í mars (57) en fæstir í október (32).

Fulltrúar frá félaginu í stjórn

Erla Björg Guðmundsdóttir varamaður í stjórn Stapa.

Eiður Stefánsson í stjórn LÍV, miðstjórn ASÍ, SVS, Starfsgreinaráði skrifstofu- og verslunargreina.

Jón G. Rögnvaldsson í stjórn Orlofsbyggðar á Illugastöðum.

Halldór Óli Kjartansson varamaður í stjórn Símeý.

Eydís Bjarnadóttir varamaður í stjórn Fjölsmiðjunnar.

Nýir kjarasamningar samþykktir

Nýir kjarasamningar voru samþykktir með 91% greiddra atkvæða þann 24.febrúar 2016.

Sameiginlegri allsherjaratkvæðagreiðslu félagsmanna aðildarsamtaka ASÍ um kjarasamning milli aðildarsamtaka ASÍ og SA frá 21. janúar, lauk kl. 12 á hádegi þann 24.febrúar.

9.724 eða 91,28% sögðu já.

832 eða 7,81% sögðu nei.

97 eða 0,91% skiluðu auðu. Kjarasamningurinn var því samþykktur.

Á kjörskrá voru 75.635 en 10.653 greiddu atkvæði, eða 14,08%.

Sameiginlegri atkvæðagreiðslu um kjarasamning VR/LÍV við Félag atvinnurekenda frá 22.

janúar 2016 lauk á sama tíma og var samningurinn samþykktur með 91,59% greiddra

atkvæða. Á kjörskrá voru 1.677 félagsmenn. Atkvæði greiddu 321 eða 19,14%. Já sögðu 294 en 25 sögðu nei eða 7,79%. Auðu skiluðu 2 eða 0,62%.

Uppstillingarnefnd

Í uppstillingarnefnd FVSA 2017 voru skipuð þau Guðmundur Lárus Helgason hjá VÍS, Álfhildur Vilhjálmisdóttir fyrrum starfsmaður CCEP og Eydís Bjarnadóttir starfsmaður FVSA.

Haldnir voru tveir fundir þann 18. janúar og 31. janúar 2017, þar sem uppstillingarnefnd hittist á skrifstofu FVSA og stillti upp lista sem var samþykktur.

Fundur

Aðalfundur FVSA 2016



Aðalfundur félagsins var haldinn í Alpýðuhúsinu á Akureyri mánudaginn 22. febrúar 2016. Eiður Stefánsson, formaður félagsins, kynnti skýrslu stjórnar og Hermann Brynjarsson, endurskoðandi, fór yfir reikninga félagsins.

Einar Hjartarson, sem setið hefur í stjórn frá árinu 2002, gaf ekki kost á sér til áframhaldandi trúnaðarstarfa fyrir félagið og var hann því kvaddur á fundinum með smá þakklætisvotti frá FVSA fyrir hans störf í þágu félagsins.

Fundir Stjórnar FVSA



Stjórn og varastjórn FVSA. Frá vinstri: Anna María Elíasdóttir, Eiður Stefánsson, Sigríður S. Stefánsdóttir, Jón Grétar Rögnvaldsson, Anna Kristín Árnadóttir, Halldór Óli Kjartansson, Agnes Reykdal og Helgi S. Jóhannsson.

1. fundur - 10. mars 2016

Fyrsta verk stjórnar var að kjósa varaformann, gjaldkera, ritara og meðstjórnanda. Anna María Elíasdóttir var kosin varaformaður, Jón Grétar Rögnvaldsson gjaldkeri, Sigríður St. Stefánsdóttir varð ritari og Anna Kristín Árnadóttir meðstjórnandi.

Á fundinum var rætt hvort selja ætti bréf í Bakkavör og ákveðið var að selja þau ekki.

Þá var ákveðið að Eiður Stefánsson formaður og Jón G. Rögnvaldsson gjaldkeri, skyldu mæta á aðalfund Orlofsbyggðarinnar á Illugastöðum þann 9. maí. Félaginu hafði borist bréf frá Iðnaðarsafninu með ósk um styrk og stjórnin samþykkti á fundinum að veita þeim styrkinn, að upphæð 50.000 kr.

Farið var yfir endurskoðunarskýrslu frá Enor ehf. og hún samþykkt. Einnig var samþykkt að varamenn stjórnar sem og starfsfólk skyldu sitja stjórnarfundum á árinu.

2. fundur - 19. apríl 2016

Farið var yfir úttektir í sjúkrasjóði og samþykkt að leita skyldi tilboða í vinnu við úttekt á sjúkrasjóði. Þá var einnig farið yfir þriggja mánaða uppgjör frá janúar til mars og það borið saman við fjárhagsáætlun og síðan samþykkt.

Kjósa þurfti 8 fulltrúa, 4 aðalmenn og 4 varamenn til þess að sækja 42. þing ASÍ 26.-28.október. Aðalmenn voru þau Eiður Stefánsson, Anna María Elíasdóttir, Jón Grétar Rögnvaldsson og Sigríður St. Stefánsdóttir en varamenn voru þau Agnes Reykdal, Helgi Sv. Jóhannsson, Helga Eymundsdóttir og Jónas Sveinsson.

Farið var yfir skammtímasjóð hjá Íslenskum verðbréfum, þar sem þeir buðu upp á 5-6% ávöxtun. Því var hafnað að sinni en ákveðið að endurskoða aftur um haustið.

Félaginu var boðinn forkaupsréttur á hlutabréfum í Tækifæri, í hlutfalli við hlutfjáreign félagsins, en samþykkt var að kaupa ekki.

Þá voru íbúðir félagsins í Reykjavík til umræðu og samþykkt var að taka alþrif á íbúðunum um haustið, en nýlega hafði sængum og koddum verið skipt út.

Stjórnin fagnaði því að samningar hefðu náðst um verkefnastjóra fyrir vinnustaðaeftirlit, en málið var síðast tekið fyrir á fundi stjórnar þann 16. febrúar.

Fulltrúaráðsfundur AN á Illugastöðum var kynntur, sem svo var haldinn 7. október síðastliðinn. Upplýst var um fund sem halda átti á Akureyri með stéttarfélögum á svæðinu, Akureyrarbæ og Gylfa Arnbjörnssyni forseta ASÍ, vegna rekstrarfélags sem hugsanlega yrði stofnað vegna bygginga á leiguhúsnæði.

3. fundur - 9. júní 2016

Stjórn og varastjórn sátu fundinn.

Fyrst var farið yfir úttekt á sjúkrasjóði og samþykkt að ganga til samninga við Enor ehf. um úttekt á sjóðnum. Þá var styrkumsókn frá nemendafélagi Norræna Genfarskólans samþykkt að upphæð 20.000 kr.

Bréf barst stjórninni þar sem verið var að kanna áhuga stéttarfélaga á að reisa hús á nýju svæði í Orlofsbyggðinni á Illugastöðum. Ákveðið var að skoða málið um haustið.

Formaður fór þá yfir viðhald að undanfögnu á sumarhúsum og orlofsíbúðum, en aðeins það nauðsynlegasta hafði verið gert. Síðan var rætt um komandi sumarferð til Grímseyjar þann 1.júlí. Einnig var farið yfir bréf frá Gray Line Iceland, þar sem þeir voru að leita til stéttarfélaga um kaup á farmiðum með sölu áfram til sinna félagsmanna í huga, á hagstæðu verði.

Samþykkt var að skoða þann möguleika síðar.

Félaginu barst bréf frá UNI Canerce Global Union, sumarþúðum fyrir verslunarfólk undir 30 ára, þar sem verið var að kanna hvort áhugi væri hjá félaginu að senda féлага 11.- 15. september í búðirnar. Samþykkt var að senda einn féлага ef áhugi væri fyrir hendi. Farið var yfir bréf frá ASÍ, sem í stóð að ársreikningur félagsins 2015 væri mótttekinn og falli undir lög ASÍ.

Önnur mál voru þau að Halldór Óli Kjartansson sat aðalfund Símeypjar f.h. FVSA og sagði frá honum. Einnig gaf hann upplýsingar um aðalfund Tækifæris.

Þá sagði Eiður formaður frá ferð til Brussel, sem hann og Guðlaug Óskarsdóttir starfsmaður félagsins fóru í, og skipulögð var af ASÍ.

Formaður gerði grein fyrir þeim skemmdum sem urðu vegna leka frá 4. hæð hússins. Viðgerðir voru þá farnar af stað og fékk hann leyfi stjórnar til að gera meiri breytingar en nákvæmlega þær sem tryggingafélagið bætir.

4. fundur - 30. ágúst 2016.

Átta mál voru á dagskrá á þessum fjórða fundi stjórnar.

Fyrst var farið yfir sex mánaða uppgjör og það borið saman við fjárhagsáætlun. Einnig var farið yfir stöðuna í innheimtumálum og gerð grein fyrir gangi innheimtunnar.

Þá var farið yfir leigu orlofshúsa yfir sumarið en hún gekk vel og nánast engar kvartanir höfðu borist félaginu.

Þing ASÍ/UNG var tekið fyrir og Halldór Óli Kjartansson var kosinn aðalmaður á þingið, en Sigurlaug S. Einarsdóttir og Helgi S. Jóhannsson til vara.

Stefnt var að vinnufundi trúnaðarmanna og trúnaðarráðs varðandi þau málefni sem yrðu til umræðu á þingi ASÍ í október. Skrifstofunni var falið að finna dagsetningu fyrir slíkan fund.

Jón Grétar Rögnvaldsson og Helgi S. Jóhannsson voru valdir fulltrúar FVSA á fulltrúaráðsfund AN á Illugastöðum 7. október.

Sólar ehf. sem sá um umsjón orlofsíbúðanna í Reykjavík, sagði upp fasteignaumsjóninni en ætlaði samt sem áður að halda áfram með þrífín. Eiður formaður ræddi einnig um mál sjúkrasjóðsins í sambandi við greiðslur sjúkradagpeninga. Það þurfti að fara betur yfir þau mál.

5. fundur - 20. september 2016.

Tilfni fundarins var heimsókn forseta ASÍ, Gylfa Arnbjörnssonar, en hann fundaði með stéttarfélögum á Akureyri þennan dag. Gylfi gerði grein fyrir og ræddi um helstu mál sem voru í gangi innan hreyfingarinnar þá.

6. fundur - 12. október 2016

Stjórn kom saman til fundar á skrifstofu formanns og ræddi málefni skrifstofu FVSA.

7. fundur - 15. nóvember 2016

Stjórn og varastjórn sátu fundinn.

Til að byrja með sagði formaður frá nýafstöðnu þingi ASÍ. Nokkrar umræður kviknuðu en fólk var ánægt með þingið í heild sinni. Rætt var um útgáfu á sögu FVSA í tilefni 90 ára afmælis félagsins árið 2020. Jón Þ. Þór tók jákvætt í að rita söguna og því var samþykkt að ritnefnd félagsins skyldi verða í sambandi við Jón með væntanlega samningagerð í huga.

Leiga orlofshúsa fyrir sumarið 2017 var til umræðu, en einn sumarbústaður í Grímsnesi stóð félaginu til boða á 150-170 þúsund á viku.

Samþykkt var að hafna því og hafa sama framboð á orlofshúsum og sl. ár.

Þá var samþykkt að halda aðalfund félagsins þann 27. febrúar 2017.

Stungið var upp á að vinnufundur trúnaðarmanna, trúnaðarráðs og stjórnar sjúkrasjóðs, ásamt stjórn FVSA, skyldi verða haldinn 6. eða 8. desember. Ákveðið að athuga það betur.

Formaður gerði síðan grein fyrir endanlegri niðurstöðu framkvæmda á skrifstofu FVSA, í kjölfarið á vatnstjóni sem varð árið 2016.

Tilboði á vetrarmiðum Icelandair hótela 2016-2017 var hafnað. Beiðni um styrk frá Hagsmunasamtökum heimilanna var samþykkt.

Þá var skrifstofu félagsins falið að finna dag og viðfangsefni fyrir starfsdag trúnaðarmanna, ásamt því að trúnaðarmenn FVSA til næstu tveggja ára voru kynntir.

Önnur mál fundar voru eftirfarandi: Samþykkt að fela formanni að leita ráða til að samþætta réttindamál einstaklinga vegna flutnings milli stéttarféлага bæði innan ASÍ og víðar. Farið var yfir leiðbeinandi vinnureglur sjúkrasjóðs.

Varðandi fjárfestingastefnu FVSA var ákveðið að fara í nokkrar fjármálastofnanir til viðræðna. Að lokum var samþykkt að veita sameiginlegum hjálparsamtökum 500.000 kr. í jólastyrk.

8. fundur - 16. desember 2016

Fundur stjórnar var haldinn ásamt stjórn sjúkraráðs.

Samningur við Motus var kynntur og samþykktur. Formaður kynnti næst hugmyndir að nýju stjórnkerfi lífeyrissjóðanna og engar athugasemdir bárust. Þriðja mál fundar var ljósleiðari í Vaglaskógi, en Tengir hf. bauð sumarbústaðareigendum á svæðinu að tengjast ljósleiðara. Stjórn samþykkti að fela formanni frágang málsins.

Þá var staðfesting löggilds endurskoðanda á stöðu sjúkrasjóðs FVSA tekin fyrir. Formaður kynnti úttekt á sjóðnum og það að sjóðurinn stóðst tryggingafræðilegar kröfur.

Uppstillingarnefnd var tilnefnd og þau Guðmundur L. Helgason, Álfhildur Vilhjálmisdóttir og Eydís Bjarnadóttir voru kosin.

9. fundur - 17. janúar 2017

Stjórn og varastjórn sátu þennan níunda fund stjórnar á tímabilinu. Fyrsta mál á dagskrá var útgáfa fréttablaðs fyrir árið 2017 og samþykkt var að ganga til samninga við Ingibjörgu Bergmann um umsjón með blaðinu. Einnig var samþykkt að bera blaðið í öll hús, sem Ásprent – Stíll mun sjá um ásamt umbroti og prentun á blaðinu.

Samþykkt var að hækka leiguverð á bústöðum og íbúðum fram til loka maí 2018.

Þá var samþykkt að varaformaður færi með formanni á formannafund LÍV þann 20. janúar.

Sumarferð og leikhúsferð var til umræðu. Beðið er eftir tilboði frá Freyvangsleikhúsinu vegna leikhúsferðarinnar en ákveðið var að slá sumarferðinni á frest í bili og finna eitthvað nýtt í staðinn.

Farið var yfir drög að fjárhagsáætlun og skipulagt að taka hana fyrir í heild sinni síðar. Þá var samþykkt að leggja fyrir aðalfund að stjórnarlaun verði óbreytt milli ára.

Þá barst félaginu fyrirspurn um fundargerðir á heimasíðunni en þær vantar þangað og bætt verður úr því. Einnig var rætt um réttindi félagsmanna sem færa sig á milli stéttarfélaga en þau mál hafa verið í athugun lengi.

10. fundur - 20. febrúar 2017

Stjórn og varastjórn komu saman til fundar í fundarsal stéttarfélaganna á 3.hæð.

Tillaga um löggiltan endurskoðanda var sett fram og mælt með Enor ehf.

Þá var farið yfir fjárfestingaráætlun FVSA fyrir árið 2017 og hún samþykkt. Einnig var samþykkt að leggja fyrir aðalfund 3.000.000 kr. í framlag í Vinnudeilusjóð.

Lögð var fram tillaga fyrir aðalfund um aðalmenn og varamenn í kjörstjórn ásamt félagslegum skoðunarmönnum. Aðalmenn kjörstjórnar eru Helga Eymundsdóttir og Einar Hjartarson. Varamenn eru Eydís Bjarnadóttir og Jónas Þór Sveinsson. Aðalskoðunarmenn eru Sigurjóna Þórdís Ingvadóttir og María Ingvadóttir. Varaskoðunarmenn eru Margrét Brynjólfsdóttir og Gylfi Pálsson.

Næsta mál á dagskrá var íbúðarkaup í Reykjavík og samþykkt var að athuga það. Fyrir leikhúsferðina 2017 var ákveðið að fara til Húsavíkur með ellilífeyrisþega á leikritið *Bót og betrun*.

Í stað sumarferðar var ákveðið að kanna tilboð frá Hofi vegna tónleika með sinfóníuhljómsveit og tónlist Atla Örvarssonar. Endanleg ákvörðun skal vera tekin á næsta fundi.

Þá var tilboði frá Pétri Guðjónssyni um fundarherferð fyrir félagsmenn hafnað.

Farið var yfir fjárhagsáætlun 2017 og hún samþykkt samhljóða. Þá mættu þau Hermann Brynjarsson, endurskoðandi og félagslegir skoðunarmenn Gylfi Pálsson og María Ingvadóttir á fundinn. Hermann fór yfir ársreikninginn og skýrði hann. Stjórnin samþykkti í kjölfarið 14.000.000 kr. framlag úr félagssjóði í orlofssjóð.

Síðast gerði svo Jón G. Rögnvaldsson, stjórnarmaður í Orlofsbyggðinni Illugastöðum, grein fyrir því að tímabært væri að bera á hús félagsins á Illugastöðum. Kom upp sú hugmynd hvort stjórnarmenn væru til í að ganga í verkið og ákveðið að það skyldi skoðað nánar.

Trúnaðarráð

Í trúnaðarráðinu sitja stjórnarmenn og varamenn stjórnar félagsins auk 13 fullgildra félagsmanna. 5 þeirra skulu kosnir eftir sömu reglum og til sama tíma og stjórn og 5 til vara. 8 félagsmenn og 4 til vara sem trúnaðarmenn félagsins kjósa árlega úr sínum hópi.

| Trúnaðarráð til eins árs | | Til vara | |
|----------------------------------|--------------------------|---------------------------------|--------------------------|
| Guðmundur L. Helgason | VÍS | Sigurlaug Hinriksdóttir | Samkaup Strax Byggðavegi |
| Erla Bjarnadóttir | Höldur hf | Sigurlaug Stefanía Einarsdóttir | Olís við Tryggvabraut |
| Ingvar Gunnarsson | Byko | Anna Hafdís Jóhannesdóttir | Samkaup Úrval Dalvík |
| Jón Haraldur Lárusson | Húsasmiðjan | Hanna Sigríður Magnþórsdóttir | Bónus Langholti |
| Sigrún Kjartansdóttir | Icelandair hótel | Katrín Guðrún Pálsdóttir | Vífilfell |
| Áslaug Júlíusdóttir | Eimskip | Bergþóra Jóhannsdóttir | Frumherji |
| Aðalheiður Jonna Friðfinnsdóttir | Remote ehf - Siglufj | Sigurbjörg Gunnólfsdóttir | Primex ehf |
| Júlía Gunnlaugsdóttir Poulsen | Samkaup Úrval Ólafsfirði | Sólrún Hauksdóttir | Brauðgerð Kr Jóns. & Co |
| Helga Eymundsdóttir | Blikkrás | Jónas Þór Sveinsson | Flugfélag Íslands |
| Hallveig Stefánsdóttir | Grófargil | | |
| Kristín B Hjaltalín | Kjarnafæði | | |
| Laufey Ingadóttir | Nettó | | |
| Margrét Brynjólfssdóttir | Bókh.þj. Þórðar | | |



Mynd af hluta trúnaðarráðs.

Fundir trúnaðarráðs

1. trúnaðarráðsfundur - 19. apríl 2016

Átta mál voru tekin fyrir á fyrsta fundi. Listi fyrir 42. þing ASÍ 26.-28. október var samþykktur sbr. fundargerð stjórnar. Ársfundur Stapa 4. maí var kynntur og þeir félagsmenn sem greiða í Stapa áttu kost á að sitja fundinn. Eiður formaður hvatti þá næst fundarmenn til að taka þátt í dagskránni 1. maí.

Þá gerði formaður grein fyrir umsóknum og úthlutunum vegna sumarleigu 2016 en einnig var rætt um opnun á vetrarleigu og ákveðið að opna fyrir fyrir hana en gert hefur verið, þ.e. á sama tíma og opnað verður fyrir laus orlofshús í sumarleigu. Samþykkt var að aðalmenn í trúnaðarráði félagsins skipuðu samninganefnd FVSA.

Þá var Guðmundur L. Helgason kjörinn formaður kjörstjórnar.

2. trúnaðarráðsfundur - 8. desember 2016

Fundurinn fór fram á 5. hæð í Alþýðuhúsinu og voru þar fimm mál á dagskrá. Fyrst fór Eiður formaður yfir stöðuna í kjaramálum, en endurskoðun kjarasamninga á að fara fram í febrúar 2017. Mikilvægt var að hafa hraðar hendur fyrir áramót svo að framlenging samnings væri framkvæmanleg.

Formaður kynnti nýjar áherslur í innheimtumálum þegar hann gerði grein fyrir samningi sem hafði verið gerður við Motus og Lögheimtuna. Næst var farið yfir úttektir sjúkrasjóðs en tryggingafræðileg úttekt sjúkrajóðs þarf að fara fram á 5 ára fresti, þar sem kannað er hvort sjóðurinn standi undir skuldbindingum sínum. Úttektin kom nokkuð vel út og fór formaður yfir niðurstöðurnar.

Þá var farið yfir hugmyndir að breytingum á útgreiðslum styrkja þar sem nokkrar umræður fóru á stjá en engar ákvarðanir þó teknar.

Trúnaðarráð stakk síðan upp á Guðmundi L. Helgasyni í uppstillingarnefnd.

3. trúnaðarráðsfundur - 31. janúar 2017

Kynntur var listi uppstillingarnefndar 2017 og hann samþykktur samhljóða. Þá benti Anna María Elíasdóttir á að fá sérfræðing í lífeyrismálum á fund hjá félaginu.

Einnig var Guðmundi L. Helgasyni þakkað fyrir störf hans í trúnaðarráði undanfarin ár en hann hefur látið af störfum.

4. trúnaðarráðsfundur - 27. febrúar 2017

Trúnaðarráð kom saman og þar var eitt mál á dagskrá: Niðurstöður forsendunefndar varðandi forsenduákvæði í kjarasamningi. Niðurstaðan var sú, að teknu tilliti til launabreytinga annarra stétta, að forsendur séu brostnar. Málin voru rædd og talað um næstu skref.

Þing

Þing ASÍ-UNG

4. þing ASÍ-UNG var haldið þann 23. september. Á þinginu sagði ungt fólk frá reynslu sinni á vinnumarkaði og baráttunni fyrir réttindum sínum. Þá voru flutt erindi um stöðu ungs fólks á húsnæðismarkaði, um vinnumarkaðinn og fjölskylduna. Eftir hádegi var síðan hópavinna þar sem leitast var við að



svara spurningunni „Hvernig sjáum við framtíð ungs fólks í hreyfingunni?“ Skipuð var ritnefnd sem mun hafa það hlutverk að fullmóta ályktanir ASÍ-UNG sem lagðar voru fyrir þing ASÍ í október. Þingið kaus nýu manna stjórn ASÍ-UNG sem síðan

skiptir með sér verkum. Stjórnin er skipuð ungu fólki á aldrinum 18-35 ára, úr stéttarfélögum víðsvegar af landinu og flestum greinum vinnumarkaðarins. Helgi Sveinbjörn Jóhannsson frá FVSA var kosinn nýr í stjórn ASÍ-UNG.

Þing ASÍ



42. þing ASÍ fór fram 26.-28. október. Þar fór fram umsvifamikil málefnavinna í mörgum hópum þar sem notast var við svokallað þjóðfundarfyrirkomulag. Fjögur megin þemu voru til umfjöllunar: Nýtt kjarasamningslíkan, velferðarmál, mennta- og atvinnumál og svo

vinnumarkaðs- og jafnréttismál.

Á lokadegi þingsins, 28. október, var málefnavinnan dregin saman í ályktanir sem lagðar voru fyrir þingfulltrúa og samþykktar. Eftirfarandi ályktanir voru samþykktar á þinginu:

Breytt og bætt vinnubrögð við gerð kjarasamninga um vinnumarkaðinn, um húsnæðismál, um atvinnumál, um heilbrigðismál, um menntamál, um jafnréttismál, um kjaradeilu sjómanna og vélstjóra. Inn á vef ASÍ má finna þessar ályktanir og allar upplýsingar um 42.þing ASÍ.

Fulltrúar FVSA á þinginu voru þau Eiður Stefánsson, Jón Grétar Rögnvaldsson, Anna María Elíasdóttir, Agnes Reykdal, Sigríður S. Stefánsdóttir og Helgi Sveinbjörn Jóhannsson.



Það er gaman að segja frá því að Helgi er sjötti þingfulltrúi FVSA á þinginu og hafa aldrei verið svona margir fulltrúar frá félaginu. Helgi er stjórnarmaður ASÍ-UNG og þ.a.l. á hann rétt sem þingfulltrúi á þingi ASÍ.

Fulltrúaráðsfundur AN



Fulltrúaráðsfundur Alþýðusambands Norðurlands var haldinn á Illugastöðum í Fnjóskadal föstudaginn 7. október. FVSA átti tvo fulltrúa á fundinum, þá Helga S. Jóhannsson og Jón G. Rögnvaldsson. Fjögur atriði voru tekin fyrir á þessum fundi. Björn Líndal Traustason framkvæmdastjóri SSNV, reið á vaðið og fjallaði um stöðuna í atvinnumálum og íbúapróun á Norðurlandi vestra. Næst steig Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur og formaður verkefnisstjórnar Rammaáætlunar, fram og fjallaði um Orkumál á Norðurlandi. Aðalsteinn Halldórsson og Vilhelm Adolfsson, eftirlitsfulltrúar á Norðurlandi, voru næstir og ræddu um átakið Einn réttur – Ekkert svindl. Að lokum voru málefni Orlofsbyggðarinnar á Illugastöðum rædd.

Kjaramáláping FVSA



Kjaramáláping FVSA var haldið þann 12. október. Félagsmenn voru hvattir til að mæta og taka þátt í að móta stefnu félagsins í þeim málum sem framundan eru en til umræðu voru eftirfarandi mál:

Kjarasamningalíkanið, vinnumarkaðurinn og jafnrétti, velferð og mennta- og atvinnumál. Mætingin var góð og umræður líflegar. Félagsmenn tóku þátt í umræðu um hvern málaflokk fyrir sig og lögðu fram sínar hugmyndir en síðan varð hvert borð að forgangsraða þeim hugmyndum sem fram komu. Niðurstöðurnar úr þinginu voru góðar og fólk almennt sátt með daginn.



Orlofshús og orlofsmálin

Litlar breytingar voru á framboði orlofshúsa og íbúða á árinu. Félagið var með eftirtalin hús til leigu sumarið 2016:



- 4 íbúðir í Reykjavík
- 2 hús á Illugastöðum
- Skógarsel Vaglaskógi
- Hús á Einarstöðum
- Hús í Flókalundi Vatnsfirði
- Miðhúsaskógur, Bláskógarbyggð


Félagið skipti við VR á húsi nr. 12 á Illugastöðum og húsi í Miðhúsaskógi í Bláskógarbyggð.

Stjórnin tók ákvörðun að endurnýja ekki leigusamning vegna Kötluholts í Biskupstungum og var í staðinn bætt í orlofsstyrki eða viku að eigin vali.

Íbúðir í Mánatúni voru leigðar út 387 sinnum á árinu 2016, Illugastaðir og Skógarsel voru leigðir út 123 sinnum og leigubústaðir 30 sinnum.

412 einstaklingar leigðu íbúð eða sumarhús á árinu, sem er um 18% félagsmanna.

140 einstaklingar leigðu hús tvívegis á árinu, 66 þrívægis, 44 fjórum sinnum, 25 fimm sinnum og tveir sex sinnum á árinu.



Skoðað var hversu oft sömu einstaklingar leigðu Skógarsel frá árinu 2010 til dagsins í dag, 180 einstaklingar voru með eina leigu, 44 voru með tvær, 23 með þrjár, 4 með fjórar, 3 með fimm, 2 með sex og 3 með sjö.

Námskeið

Trúnaðarmenn

Sex trúnaðarmannanámskeið voru haldin á árinu í samvinnu við önnur stéttarfélög í húsinu.

Samtals voru 14 félagsmenn FVSA sem tóku þátt í námskeiðunum.



Sigrún og Edda Borg. Félagsmenn FVSA á trúnaðarmannanámskeiði.


Starfsdagur trúnaðarmanna



Starfsdagur trúnaðarmanna félagsins var haldinn þann 26. janúar 2017 á Hótel KEA og voru þátttakendur 36 talsins. Theodor Francis Birgisson var með fyrirlestur um samskipti og mikil ánægja ríkti meðal þátttakenda með fyrirlesturinn. Síðan fóru Eydís Bjarnadóttir og Eiður Stefánsson yfir nokkur atriði sem snúa að trúnaðarmönnum og þeirra hlutverki, ásamt kynningu á því helsta sem félagið býður upp á varðandi styrki, orlofshús og íbúðir á árinu 2017. Þar á eftir fóru fram kosningar þar sem trúnaðarmenn völdu 8 aðalmenn og 4 varamenn úr sínum röðum í trúnaðarráð fyrir starfsárið 2017-2018.

Starfsmenntasjóðir

FVSA er aðili að tveimur starfsmenntasjóðum, Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks (SVS) og Starfsmenntasjóði verslunarinnar (SV). Aðild fer eftir því hvorum kjarasamningi atvinnurekandi fylgir.



Á félagssvæði FVSA voru greiddar 21,6 milljónir í starfsmenntasjóðina frá atvinnurekendum og rúmar 5,7 milljónir frá FVSA, samtals 27.3 milljónir. Það voru 401 fræðslustyrkir greiddir á síðasta ári fyrir samtals 16,9 milljónir en meðaltalsupphæð hvers styrks er kr. 42.134 kr. Það er okkar markmið að félagsmenn noti sömu upphæð á ári í styrki eins og greitt er í sjóðinn frá þessu svæði. Enn þá vantar okkur að eyða um 10 milljónum til viðbótar á ári til að markmiðum okkar sé náð, en þá verða félagsmenn að vera duglegri að sækja sér menntun.

Sjúkrasjóður

Sjúkradagpeningar voru greiddir til 59 félagsmanna að upphæð kr. 30,8 milljónir samtals. Það er umtalsverð hækkun á milli ára, en í sögulegu tilliti þá voru greiðslur fyrir árið 2016 í meðallagi, fyrir utan árið 2015 sem var með þeim lágstu í útgreiðslum sjúkradagpeninga.



Styrkir úr sjúkrasjóði

| | | | |
|-----------------|----------------|--------------------------|----------------|
| Dánarbætur | 750.000 kr. | Sálfræðiþjónusta | 760.041 kr. |
| Gler og Lasik | 1.337.915 kr. | Sjúkraþjálfun | 8.207.121 kr. |
| Krabbameinsleit | 651.546 kr. | Aðrir styrkir | 98.200 kr. |
| Líkamsrækt | 14.313.819 kr. | Styrkir alls 2016 | 28.237.064 kr. |
| Nudd utan TR | 1.428.422 kr. | Styrkir alls 2015 | 27.704.955 kr. |

Aðalmenn í stjórn

sjúkrasjóðs eru:

- Signý Sigurðardóttir
- Þórdís Bjarnadóttir
- Guðríður Þorsteinsdóttir
- Álfhildur Vilhjálmsson
- Eiður Stefánsson

Varamenn:

- Kristín S. Þorgilsdóttir
- Lilja S. Jóhannsdóttir
- Stefán Jónsson



Stjórn Sjúkrasjóðs

Önnur verkefni

Kvennafrídagur



Stéttarfélagin í Eyjafirði hvöttu allar konur til að skunda úr vinnu kl. 14:38 mánudaginn 24. október og mæta á Ráðhústorg.

Þar höfðu stéttarfélagin í Eyjafirði skipulagt dagskrá á torginu þar sem flutt var ávarp ásamt því að söngkonan Edda Borg

Stefánsdóttir tók nokkur lög.

Meðalatvinnutekjur kvenna eru 70,3% af meðal atvinnutekjum karla. Konur eru því með 29,7% lægri meðaltal atvinnutekna. Samkvæmt því eru konur búnar að vinna fyrir sínum launum eftir 5 klukkustundir og 38 mínútur miðað við fullan vinnudag frá kl. 9–17. Daglegum vinnuskyldum kvenna er því lokið kl. 14:38. Árið 2010 gengu konur út kl. 14.25 og árið 2016 kl. 14.38 sem segir okkur að á 11 árum hafa þær grætt hálf tíma, eða tæplega þrjár mínútur á ári. Með því áframhaldi þurfa konur að bíða í 52 ár eftir sömu kjörum og karlmenn, sem er gjörsamlega óásættanlegt!

Samningur við Motus



Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni undirritaði samning við Motus og Lögheimtuna um innheimtupjónustu og tók samningurinn gildi um áramótin 2016-2017.

Anna María frá Motus og Eiður Stefánsson formaður FVSA.

Leikhúsförð



Félagið bauð ellilífeyrispegum sínum í hina árlegu leikhúsförð laugardaginn 12.mars. Farið var að sjá sýninguna „Með vífið í lúkunum“, sem Leikfélag Hörgdæla setti upp að Melum í Hörgárdal. Tæplega 70 manns fóru í ferðina en fyrst var boðið upp á kaffihlaðborð í þelamerkurskóla sem leikfélagið sá einnig um. Sýningin var einstaklega vel heppnuð og skemmtileg, mikið var hlegið og fólkið virtist mjög ánægt með ferðina.

Félagslegir skoðunarmenn 2016-2017



Aðalmenn: María Ingadóttir og Gylfi Pálsson.

Varamenn: Sigurjóna Þórdís Ingvadóttir og Margrét Brynjólfsdóttir.

Ritnefnd um sögu FVSA

Stjórn FVSA samþykkti að tilnefna nefnd sem hefur það hlutverk að skoða þann möguleika að skrifa sögu FVSA. Á myndinni má sjá nefndina á sínum fyrsta fundi, en þessir nefndarmenn búa yfir gríðarlegri þekkingu um sögu FVSA.



Páll H. Jónsson kom fyrst að störfum hjá félaginu 1979, sat í stjórn sjúkrasjóðs í 18 ár, eða frá 1980 til 1998, sat í varastjórn félagsins og tók síðan sæti í aðalstjórn sem varaformaður árið 1992. Árið 2001 gegndi hann störfum formanns í forföllum Guðmundar Björnssonar. Í febrúar 2002 tók hann síðan við formennsku og í febrúar 2003 var hann kjörinn formaður til næstu tveggja ára.

Kristín Þorgilsdóttir, skrifstofustjóri FVSA, hóf störf hjá félaginu árið 2004 og hefur einnig verið varamaður í stjórn sjúkrasjóðs FVSA síðan 2008.

Erla Hallsdóttir var trúnaðarmaður á vinnustað 1967 - 1975, í fulltrúaráði FVSA 1978 – 1981. Hún hóf störf hjá FVSA í Brekkugötu 4, 1. júní 1984 og sat í stjórn FVSA frá 1982 - 1987 og síðan aftur í stjórn frá 1988 - 2002. Hún sá um sjúkrasjóð félagsins í forföllum formanns árið 2001, var ritari félagsins frá 1988 – 2002 og í úthlutunarnefnd atvinnuleysistrygginga 1982 – 1990.

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir var varaformaður FVSA 2002 og formaður 2005 – 2015 og sat í stjórn sjúkrasjóðs í 13 ár. Hún var einnig varaformaður LÍV 2011 – 2013 og síðan formaður LÍV 2013.

Ferð á vegum Alþjóðsambands Íslands til Brussel 24. – 29. maí.



FVSA sendi tvo starfsmenn til Brussel, þau Eið Stefánsson og Guðlaugu Maríu Óskarsdóttur. Mikil ánægja var með ferðina en Halldór Grönvold sá um allan undirbúning og fararstjórn, kunnum við honum miklar þakkir fyrir. Viðfangsefni ferðarinnar voru að kynna fyrir okkur: Ísland og Evrópusamvinnan, Sameiginlegi vinnumarkaðurinn og EES, Samstarf á Evrópuvísu í menntamálum, heimsókn í Evrópuþingið, heimsókn og kynning á Alþjóðasambandi verkalýðsfélaga (ITUC).

Verkefnastjóri vinnustaðaeftirlits



Sögulegt samkomulag náðist á milli 14 stéttarféлага, starfandi í Eyjafirði og á Norðurlandi vestra, þegar ráðinn var einn sameiginlegur verkefnastjóri fyrir vinnustaðaeftirlit á svæðinu.

Samningurinn tók gildi 1. maí sl. og gildir í átján mánuði, eða til 30. október 2017. Litið er á að þetta fyrsta tímabil samningsins sé tilraunatímabil þar sem þjónustan er í mótun og uppbyggingu og því nauðsynlegt að endurskoða allan samninginn fyrir lok þessa tímabils í ljósi reynslunnar. Fjórum mánuðum fyrir lok samningstímans skulu samningsaðilar endurskoða samningstextann í ljósi reynslunnar með það að markmiði að nýr samningur taki gildi 1. nóvember 2017 eða að samstarfinu verði slitið.

Vilhelm Adolfsson var ráðinn sem verkefnastjóri, en hann er menntaður lögreglumaður og starfaði á árum áður sem lögreglumaður á Austurlandi og á Akureyri. Síðan 2010 hefur hann starfað í Becromal á Akureyri og hefur verið trúnaðarmaður starfsmanna frá árinu 2011.

Sumarferð



Þann 15. júlí var farið í hina árlegu sumarferð sem félögin á 3.hæðinni standa að sameiginlega. Ferðinni þetta árið var heitið út í Grímsey með nýju hraðskreiðu skipi Ambassador. Ferðin átti upprunalega að eiga

sér stað 1. júlí en sökum slæmrar veðurspár var henni frestað um hálfan mánuð.

Lagt var af stað kl. 18 frá Torfunesbryggju í blíðskaparveðri og voru þátttakendur þá 52 frá félögunum fjórum. Mjög gott var í sjóinn í firðinum en þegar honum slepti var mun hvassara en spád hafði verið til um og ölduhæð of mikil þannig snúa þurfti við. Dólað var nokkra stund á leiðinni til baka og sáust þó nokkrir hvalir til sárabóta. Komið var aftur í land á Akureyri um kl. 22.

Þátttakendum bauðst að fá annað hvort endurgreitt hjá félögunum eða fara aftur, þá á vegum Ambassador. 10 manns ákváðu að reyna aftur síðar.

Kvennaráðstefna ASÍ (Tökum brúna)



Kvennaráðstefna ASÍ, Tökum Brúna, var haldin á hótél Norðurljósum dagana 14. – 15. apríl. Þar voru tæplega fimmtíu konur, frá fjölmörgum aðildarfélögum ASÍ, samankomnar undir yfirskriftinni: *Ekki er synd af sönnum auði*. Markmið ráðstefnunnar var að efla tengslanet kvenna og auka þekkingu á málefnum sem eru í kastljósinu á hverjum tíma.

Þetta árið var lögð áhersla á framlag kvenna vegna þeirra áskoranna sem hnattvæðing, fólksflutningar og loftlagsbreytingar fela í sér.

Fimm flottar konur frá FVSA tóku þátt en það voru þær Anna María Elíasdóttir varaformaður félagsins, Sigríður S. Stefánsdóttir gjaldkeri félagsins, Agnes Reykdal varamaður í stjórn og svo Kristín Þorgílsdóttir og Eydís Bjarnadóttir starfsmenn félagsins. Þær voru allar sammála um að þátttaka á slíkri ráðstefnu væri mjög góð til að efla og styrkja tengsl kvenna og virkja þær til starfa.

1.maí hátíðarhöldin



Mikið fjölmenni safnaðist saman í ágætis veðri á Akureyri til að taka þátt í fjölmennri kröfugöngu sem stéttarfélagin á Akureyri stóðu fyrir þann 1. maí, á alþjóðlegum baráttudegi verkafólks. Á annað hundrað manns mættu einnig í kaffiveislu á skrifstofu stéttarfélaganna í Fjallabyggð.

Kjörorð dagsins voru; „Samstaða í 100 ár – sókn til nýrra sigra!“

Gengið var frá Alþýðuhúsinu gegnum miðbæinn og að Hofi, þar sem fram fór dagskrá í tilefni dagsins. Húsfyllir var í Hofi, þar sem Hildur Sif Sigurjónsdóttir, leikskólakennari á Krógabóli og félagsmaður í KÍ, flutti ávarp 1. maí nefndar stéttarfélaganna við Eyjafjörð og Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-Iðju og SGS, flutti aðalræðu dagsins. Auk þess var boðið upp á skemmtiatriði og kaffiveitingar.

ASÍ og Akureyrarbær ræða húsnæðismál

Oddvitar flokkanna sem nú sitja í bæjarstjórn og bæjarstjóri Akureyrar sátu þann 4. apríl síðastliðinn, fund með Gylfa Arnbjörnssyni, forseta ASÍ, og fulltrúum stéttarféлага í Eyjafirði, þeim Birni Snæbjörnssyni frá Einingu-Iðju, Örnunni Jakobínu Björnsdóttur frá Kili, Eiði Stefánssyni frá Félagi verslunar- og skrifstofufólks, Konráð Alfreðssyni frá Sjómannafélagi Eyjafjarðar, Heimi Kristinssyni frá Byggiðni félagi byggingarmanna og Jóhanni Sigurðssyni frá Félagi málmíðnaðarmanna.



